



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

17. FUNDUR – 1. október 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 17. fundar mánudaginn 1. október 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía Garðarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð framkvæmdahóps um nýbyggingu sundlaugar 5. fundur frá 10. sept. sl.
Umræður um nýbyggingu sundlaugar.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 19. september sl.
3. Fundargerð æskulýðs- og tómstundaneftndar frá 19. september sl.
4. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 24. sept. sl.
5. Drög að samningum málaflokka er falla kynnu undir Héraðsnefnd A-Hún, sbr. bókun héraðsnefndar frá 12. júlí sl Meðf. er fundargerð héraðsnefndar frá 12. júlí sl.
Samningsdrög fylgdu fundarboði 11. september sl.
 - a. Félagsþjónusta.
 - b. Embætti byggingafulltrúa.
 - c. Slökkvilið Austur-Húnavatnssýslu.
6. Tillaga um breytingar á skipuriti Blönduósbæjar.
7. Starfsmannamál.

Afgreiðslur:

Forseti tilkynnti í upphafi fundar að Ragnar Ingi Tómasson hafi sagt upp fundarritarastörfum, og voru honum þökkúð vel unnin störf. Bauð hann síðan velkominn til fundar Þorstein G. Þorsteinsson, endurskoðanda.

1. **Fundargerð framkvæmdahóps um nýbyggingu sundlaugar 5. fundur frá 10. sept. sl. Umræður um nýbyggingu sundlaugar.**

Mættur er Þorsteinn G. Þorsteinsson, endurskoðandi til umræðu um nýbyggingu sundlaugar og áhrif framkvæmdanna á fjárhagsstöðu bæjarins. Þorsteinn fór yfir málið, ræddi m.a. um greiðslur frá jöfnunarsjóði, hækkun á útsvari o.fl. Lagði til endurskoðun á fjárhagsáætlun. Er hér var komið mætti til fundarins Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson. Umræður urðu um málið og fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins til þessara framkvæmda. Valgarður þakkaði síðan Þorsteini fyrir og yfirgaf hann fundinn. Að umræðum loknum var eftirfarandi tillaga lögð fram;

Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir að áframhaldandi vinna fari fram í framkvæmdahópi um nýbyggingu sundlaugar með tillögu B, þ.e. útilaug 25 x 8m. Lögð er áhersla á að skera niður framkvæmdakostnað. Endanleg niðurstaða verði tekin í bæjarstjórn þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um fjárhagsleg áhrif sbr. 65 gr. sveitarstjórnarlaga.

Tillagan borin upp og samþykkt með 6 atkvæðum samhlj. 1 situr hjá, Valdimar Guðmannsson.

2. **Fundargerð bæjarráðs frá 19. september sl.**

Fundargerðin sem er í 10 liðum, kynnt og tekin til afgreiðslu og umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. **Fundargerð æskulýðs- og tómstundaneftndar frá 19. september sl.**

Fundargerðin sem er í 6 liðum var kynnt og tekin til afgreiðslu.



Eftirfarandi tillaga við 3. lið fundargerðarinnar var lögð fram:

Tillaga um greiðslu „hvatapeninga“ á Blönduósi. Undirritaðir leggja til að teknað verði upp niðurgreiðslur á þátttökugjöldum barna og unglinga í íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfi. Markmiðið er að auka möguleika barna og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og ýta þar með undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku þeirra. Blönduósbær sendir bréf til forráðamanna barna á aldurs skeiðinu 6-15 ára og gerir grein fyrir framkvæmd á greiðslu „hvatapeninga“. Skilyrði þess að hægt sé að nýta hvatapeninga er að um skipulagt starf félaga sé að ræða sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinenda og nær yfir a.m.k. eina önn. Félögin reki starfsemi sína á ársgrundvelli. Hvatapeningar eru ekki til að niðurgreiða aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað. Ekki er hægt að flytja greiðslur á milli ára né á milli systkina. Greiddar verði 7.500 kr á hverja önn, að hámarki 15.000 krónur á ári. Bæjarstjórn setur nánari reglur um fyrirkomulag og endurskoðar þær í upphafi hvers skólaárs.

Undir tillöguna rita þeir Ágúst Þór Bragason og Kári Kárason.

Tillaga frá Héðni Sigurðssyni um að vísa tillögu þeirra Ágústs og Kára til frekari umfjöllunar í bæjarráði. Var það samþykkt með 4 atkv. 3 voru á móti.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Undirritaðir viljum lýsa yfir mikilvægi þess að komið verði á frístundakortum eða hvatakortum á Blönduósi. Pólitískur vandræðagangur innan E-listans má ekki verða til þess að ekki sé hægt að jafna möguleika barna og unglinga til þátttöku í æskulýðs og tómsundastarfi óháð efnahag fjölskyldna.

Undir bókunina rita, Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannsson.

Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

4. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 24. sept. sl.

Fundargerðin sem er í 6 liðum, kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði Ágúst Þór Bragason tekur fram að hann situr hjá við afgreiðslu 4. liðar fundargerðarinnar, fundargerðin borin upp að því tilskyldu og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

5. Drög að samningum málaflokka er falla kynnu undir Héraðsnefnd A-Hún, sbr. bókun héraðsnefndar frá 12. júlí sl Meðf. er fundargerð héraðsnefndar frá 12. júlí sl.

Samningsdrög fylgdu fundarboði 11. september sl.

a. Félagsþjónusta, b. Embætti byggingafulltrúa, c. Slökkvilið Austur-Húnavatnssýslu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn Blönduósbæjar hefur yfirfarið fyrirliggjandi drög að samningum um aukið samstarf á sviði félagsþjónustu, embætti byggingafulltrúa og brunavarna er falla kynnu undir héraðsnefnd. Upphaflegt markmið með tilfærslu þessara verkefna var að kanna hagkvæmni þess að þau heyrðu undir héraðsnefnd eins og fram kom í bókun á fundi héraðsnefndar þann 13. desember 2006. Að vandlega athuguðu máli sér bæjarstjórnin ekki hagkvæmni þessa og lýsir sig andvíga þeirri stefnu að færa verkefni frá sveitarfélögunum yfir til héraðsnefndar. Bæjarstjórn ákveður að segja upp samningi um Héraðsnefnd A-Hún. og óskar eftir því að uppgjör fari fram í samræmi við gildandi samþykktir og sveitarstjórnarlög af þartilbærum fagaðilum. Bæjarstjórn ítrekar fyrri bókun á héraðsnefndarfundi frá 13. desember sl. þar sem tillögur eru gerðar um að verkefni Héraðsnefndar A-Hún verði flutt til aðildarsveitarfélaga. Bæjarstjórn lýsir sig hins vegar áfram reiðubúna til að ganga til samninga við nágrannasveitarfélög um stofnun byggðasamlaga um einstök verkefni sé fyrir því áhugi.

Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá.

Eftirfarandi tillaga varðandi liðinn einnig lögð fram:

Í ljósi bágrar stöðu héraðsins og augljóss vilja sveitarstjórnarmanna í héraði til víðtækara samstarfs sbr. bókunir sveitarfélaga um samstarf innan héraðsnefndar, leggur bæjarstjórn Blönduósbæjar til að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar, Skagastrandar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar. Í samstarfsnefndinni eigi sæti tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi og ráðinn verði verkefnisstjóri í hlutastarf. Fyrsta verkefni nefndarinnar verði að tilkynna tilurð hennar til félagsmálaráðuneytisins og kanna fjárhagslega aðkomu ríkisvaldsins að hagkvæmnisathugun sameiningar, kynningu á sameiningartillögum og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Þá skoði nefndin einnig möguleika á beinum fjárfraðslögum frá ríkisvaldinu vegna neikvæðs hagvaxtar og bágrar stöðu sveitarfélaganna. Kosið verði um sameiningartillögu í íbúakosningu í maí 2009.

Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



6. Tillaga um breytingar á skipuriti Blönduósþéjar.

Tillögurnar voru lagðar fram á fundi bæjarstjórnar þann 11. september sl. Í þeim er að finna minniháttar breytingar frá fyrra skipuriti. Ekki er gert ráð fyrir auknum starfsmannafjölda yfirstjórnunar frá fyrra skipuriti. Skipuritið er samþykkt með 5 atkvæðum samhljóða 2 sitja hjá.

7. Starfsmannamál.

a. Bæjarstjóri lagði fram uppsagnarbréf sitt, þar sem hún óskar lausnar frá störfum bæjarstjóra. Sagðist hún vera að hverfa til annarra starfa en að svo komnu væri ekki hægt að greina frá því nánar. Þakkaði hún bæjarfulltrúum ánægjulegt samstarf á liðnum árum og ítrekaði áframhaldandi veru sína innan bæjarstjórnar þrátt fyrir breytingar á starfi.

b. Bæjarstjóri fór yfir stöðugilda á fjármála- og stjórnsýslusviði, fræðslu- félags- og menningarsviði og framkvæmda- og veitusviði á árunum 2002-2007.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi bókun:

Frá því að hitaveita Blönduósþéjar var seld um mitt ár 2005 hefur stöðugildum í áhaldahúsi fækkað um 1,66 og stöðugildum á skrifstofu um 0,5. Verið er að kanna hvort unnt sé að minnka stöðugildafjölda á skrifstofu enn frekar.

Vegna aukinna umsvifa í tæknideild Blönduósþéjar telur bæjarstjóri útilokað að skipulags- og byggingafulltrúi nái að sinna öllum þeim verkefnum sem heyra undir framkvæmda- og veitusvið eins og gert var ráð fyrir í eldra skipuriti.

Undirrituð gerir það að tillögu sinni að Einar Kolbeinsson verði ráðinn í fullt starf og að starf hans verði að hluta skilgreint sem "umsjónarmaður tæknideilda" og að hluta sem "fræðslu- og menningarfulltrúi". Hlutfallsleg skipting starfa verði endurskoðuð og endanlega ákveðin um áramót þegar reynsla er komin á skiptinguna, hvort takist að manna báðar stöður með einu stöðugildi.

Undir tillöguna ritar Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Tillagan borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum, 3 voru á móti, Valdimar Guðmannsson vill að það sé fært til bókar að hann sé einn af þeim.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Framkomin tillaga um ráðningu yfirmanns án þess að starfið hafi verið auglýst er í andstöðu við starfsmannastefnu Blönduósþéjar og þau sjálfsgöðu réttindi að hver sem er geti sótt um laus störf og setið við sama borð við ráðningar. Undir skrifa Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannsson.

Eftirfarandi bókun var þá lögð fram af fulltrúum E-listans:

Skv. starfsmannastefnu Blönduósþéjar er ekki skýlausa krafa um að öll störf hjá sveitarfélaginu séu auglýst. Þegar fyrir liggur að starfsmaður sem starfað hefur hjá sveitarfélaginu í u.þ.b. ár og innt störf sín af hendi með sóma teljum við eðlilegt að hann sé ráðinn til þeirra starfa sem bæjarstjórn reystir honum til. Jóna Fanney Friðriksdóttir, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Héðinn Sigurðsson og Valgarður Hilmarsson.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:57

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Stefanía Garðarsdóttir (sign.)